Fundargerð

244. fundur Umhverfis - og skipulagsráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12, 21.febrúar 2020, kl. 09:00

Viðstaddir:
Gunnar Felix Rúnarsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Hjörtur Guðbjartsson, Ríkharður Ibsen, Róbert Jóhann Guðmundsson.

Starfsmenn:
Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri, Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Dóra Steinunn Jóhannsdóttir ritari.

* * *

**1. Samráðs og afgreiðslufundur byggingarfulltrúa nr. 278 (2020010081)**

*Lögð fram til kynningar fundargerð 278. fundar, dagsett 13. febrúar 2020 með fullnaðarafgreiðslum erinda. Fundargerðin er í 8 liðum.*

**2. Ásabraut 15 - Niðurstaða grenndarkynninga (2019110189)**

Halldóra Halldórsdóttir og Þórður Arnfinnsson óska heimildar til að reisa bílskúr á lóðinni Ásabraut 15. Meðeigenda samþykki liggur fyrir. Grenndarkynningu er lokið. Ein athugasemd barst þar sem lýst var áhyggjum að verkið yrði ekki klárað.

*Erindi samþykkt með þeim fyrirvara að bílskúr verði styttur, svo 1,5m verði að lóðamörkum.*

**3. Grófin 10A - Niðurstaða grenndarkynninga (2019120013)**

Verkfræðistofan Riss ehf. fyrir hönd lóðarhafa óskar eftir breytingu á byggingarreit og leggur fram tillögu að skilmálum fyrir byggingu á lóðinni Grófin 10a samkvæmt uppdrætti dags. 28.11.2019. Grenndarkynningu er lokið og athugasemdir bárust.

*Eigendur Grófarinnar 12A, 12B, 10b,10c og Grófin 8. Mótmælt er umfangi og neikvæðum áhrifum þess á nærliggjandi eignir, mótmælt er að ekki hafi verið haft samráð við næstu nágranna og mótmælt er að aðkoma að kjallara sé um aðliggjandi lóð.*

*Ólíklegt er að nýbygging rýri verðgildi eigna í nágrenninu þar sem byggingar eru almennt í misjöfnu ástandi. Á lóðablaði Grófarinnar 6 og 8 er kvöð um aðkomu að lóðinni Grófin 10A. Meðeigendasamþykki samþykki liggur ekki fyrir. Erindi frestað.*

**4. Grófin 15 - Niðurstaða grenndarkynninga (2019120014)**

Verkfræðistofan Riss ehf. fyrir hönd lóðarhafa óskar eftir heimild til að reisa vegg á lóðamörkum samkvæmt uppdrætti dags. 28.11.2019. Grenndarkynningu er lokið og engar athugasemdir bárust.

*Erindi samþykkt.*

**5. Dalsbraut 32-36 - Niðurstaða grenndarkynninga (2019120016)**

Miðbæjareignir ehf. óska heimildar til að auka byggingamagn á lóð um 106m2 og að fjölga íbúðum úr 11 í 15 á hvert hús samkvæmt erindi KRark arkitekt dags. 11.12.2019. Grenndarkynningu er lokið og engar athugasemdir bárust.

*Erindi samþykkt.*

**6. Fitjar 3 - Niðurstaða grenndarkynninga (2019120213)**

Tralli ehf. óskar eftir heimild til að bæta aðstöðu við Fitjar 3 með um 30m2 byggingu fyrir starfsmannaaðstöðu, geymslu og vinnslu hráefnis samkvæmt uppdráttum Verkfræðistofu Suðurnesja dags. 10.12.2019. Grenndarkynningu er lokið og engar athugasemdir bárust.

Erindi samþykkt.

**7. Hringbraut 46 - Breyta íbúð í tvíbýli (2020021380)**

Unique Chillfresh ehf. óskar eftir að gera íbúð við Hringbraut 46 að tveimur með erindi dags. 31.01.2020. Meðeigendasamþykki liggur fyrir.

*Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda.*

**8. Hólmbergsbraut 9 - Fyrirspurn (2020021382)**

Sparri ehf. óskar eftir heimild til að lengja byggingareit um 5m til norðurs og suðurs.

*Heimilt verður að lengja byggingareit til samræmis við Hvalvík 2 og 2a.*

**9. Sveitarfélagið Vogar - Skipulags og matslýsing - Umsögn (2020021300)**

Sveitarfélagið Vogar hefur ákveðið að hefja vinnu við endurskoðun aðalskipulag sveitarfélagsins og óskar umsagnar um skipulags- og matslýsingu fyrir Sveitarfélagið Voga 2020-2040.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags 18. febrúar 2020 samþykkt.*

**10. Unnardalur 6 - Aðstöðubeiðni frá Símanum hf. (2020021387)**

Strendingur fyrir hönd Símans hf. óskar heimildar til að setja upp 16 metra hátt mastur fyrir loftnet á lóðinni Unnardalur 6.

*Erindi frestað.*

**11. Ásbrú Rammaskipulag - Drög (2019050477)**

*Lögð eru fram til kynningar drög að Rammaskipulagi Ásbrú.*

**12. Lerkidalur 9 - Lóðarumsókn (2020020974)**

Ævar Valgeirsson sækir um lóðina Lerkidalur 9.

*Lóðarúthlutun samþykkt.*

**13. Völuás 6 - Lóðarumsókn (2020021234)**

*Þórdís Elsa Þorleifsdóttir sækir um lóðina Völuás 6.*

*Lóðarúthlutun samþykkt.*

**14. Umhverfisstefna Reykjanesbæjar - Drög (2020021391)**

*Lagt fram til kynningar – farið yfir áherslur.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:25